Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

19. tlb. Þriðjudagur 15. maí 1979. 8. árgangur Verð kr. 150

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Stjórnin riðar til falls

Ríkisstjórnin riðar nú til falls eftir að opinberir starfsmenn gerðu kjaraskerðingarárás hennar að engu með því að hafna samningum BSRB og fjármálaráðherra. Tilraunir þessarar svonefndu vinstristjórnar til að framkvæma það sem íhaldinu mistókst á síðasta ári, þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar setti hin illræmdu febrúarlög sem rýrðu kjör almennings verulega og brutu gegn samningum, hefur beðið algert skipbrot.

En þótt heitstrengingar stjórnarsetuliðsins hafi reynst digurmæli ein og efndir loforðanna um tímamótasigur yfir verðbólgunni séu engar, virðist flest benda til þess að ráðherrarnir ætli sér að sitja áfram. Allt er hégómi í augum þeirra, nema stjórnarsetan sjálf og þeir hafa jafnvel í hótunum við launþega um "harðari tök" ef þeir beygja sig ekki undir kjararýrnun og samningsrof.

Farmannadeilan.

Farmannadeilan hefur einnig haft veruleg áhrif á gang þessara mála. Yfirmenn á farskipum eru sem kunnugt er í verkfalli og atvinnurekendur hafa svarað því með verkbanni gegn undirmönnum á skipunum. Samtök sjómanna hafa aftur brugðist þann veg við yfirgangi útgerðarfélaganna, að hvetja félagsmenn sína til að ganga af skipsfjöl í næstu öruggu höfn, eins og stjórn sjómannafélaganna orðaði tilmæli sín. Þessi hnútur verður án efa erfiður í viðfangi og alls óvíst hvort hann verði leystur í bráð. Greinilega ætla atvinnurekendur að sæta lags og beita yfirgangi, þar sem þeir þykjast finna brautargengi til slíks í framferði og afstöðu ríkisstjórnarinnar. Enginn vafi er á því, að jafnt yfirmenn sem undirmenn farskipa eiga rétt á launahækkunum og er þess skemmst að minnast, að forsætisráðherra lofaði þeim betrun á öryggisaðstöðu um borð í ræðu sem hann hélt í janúar s.l. Efndir þess máls hafa engar orðið og farmenn vilja knýja á um framkvæmdir þeirra með aðgerðum sínum. Trúlega óttast atvinnurekendur að launahækkun til handa farmönnum leiði til þess sem þeir kalla launahækkunarskriðu og hleypi allri launastefnu ríkisstjórnarinnar úr böndunum. Þess vegna er atvinnurekendum umhugað um. að farmannadeilan verði gerð að fyrirmynd í meðhöndlun kjaradeilna sem fara vaxandi á vinnumarkaðinum öllum. Ástæðan fyrir því, að þeir kjósa að beita sér sérstaklega gegn farmönnum, er líklega sú, að þeir búast við því að almenningur styðji yfirmenn ekki í kröfum þeirra þar sem þeir séu "hálaunamenn". Þessi tilraun til þess að kveða allar launakröfur niður með því að spila á sundrunguna í röðum alþýðunnar kemur berlega fram í grein sem lögfræðingur VSÍ Gunnar Guðmundsson skrifar í Vísi mánudaginn 14. maí.

Falsanir og fyrirsláttur.

Gunnar þessi ber saman laun stýrimanns og hjúkrunarfræðings sem hlotið hefur menntun í Háskóla Íslands. Hann segir þar m.a.: "Ef litið er á taxta BHM sést, að hjúkrunarfræðingur sem verið hefur 4 ár í menntaskóla og 4 ár í háskóla (samtals 8 ár samanborið við 3 ár stýrimanna) hefur nú í byrjunarlaun fyrir 40 stunda vinnuviku kr. 224.609, en stýrimaður hefur í byrjunarlaun á mánuði fyrir 40 stunda vinnuviku frá kr. 219.197 - 237.695, en jafnframt leysir hann oftsinnis af stýrimann á hærri launum

Framhald á síðu 2.



Kjósum ekki kaupránsflokkana var aðalslagorð verkalýðsforystunnar í fyrra. Nú má dusta rykið af því og nota það aftur.

Hækkar bensín í 300 kr

Nýjar verðahækkanir á bensíni í Rodderdam gefa til kynna að íslendingar eiga að vænta stórhækkana á þessari vöru hér á landi. Þar hefur skráð bensínverð hækkað um 15%. síðan það var síðast notað til verðákvörðunar á bensínverði frá Sovétríkjunum. Ellefta maí var verðið 337,5 dollarar tonnið (afhent í Rotterdam), en það er 87,79 kr/líterinn. Til samanburðar má nefna að þegar verðhækkunin var ákveðin nú um dagin í 256 kr/líterinn, úr bensíntankunum hérsendis, kostaði tonnið 293,44 dollara tonnið, eða 76,33 kr/lít. (í báðum tölunum er reiknað með núverandi gengi).

Næsti farmur af bensíni til Íslands verður lestaður í Sovétríkjonum í lok þessa mánaðar, þannig að það verur ekki langt að bíða að við merkjum þessa hækkun hér, nema að ríkistjórnin skeri eitthvað niður þá gífurlegu skattheimtu sem hún tekur nú inn í gegnum bensínverðið.



ÚR BARÁTTUNNI.

SÁTTIR AÐ KALLA.

ALÞÝÐUVINIRNIR OG BÍLAKAUPIN.

AÐ NÁ BURT KAUPHÆKKUNINNI.

SALT- SAMKOMULAGIÐ GAGNRÝNT Í USA.

BARIST Í EL SALVADOR.

Í BLAÐINU.

Mengunar vandamál

SJÁ BLAÐSÍÐU 4.

Andóf næsta skrefið í baráttunni



Frá verkfalli opinberra starfsmanna 1976. Verkfallsvarsla við Menntaskólann í Hamrahlíð.

Ýmsir forystumenn BSRB hafa túlkað niðurstöður allsherjaratkvæðagreiðslunnar á næsta furðulegan máta. Aðrir hafa einnig reynt að túlka niður stöðurnar sér í hag, t.d. íhaldið.

Þeir reyna eftir mætti að eigna sér árangurinn í þeim tilgangi að efla sig og svæfa og afvegaleiða um leið baráttuhreyfinguna sem upp var komin.

Þeir horfa líka fram hjá aðalatriðinu sem var að opinberir starfsmenn hafna verslun með kjarasamninga sína og ætlast til þess að fá bæði kauphækkun og aukinn samningsrétt

Það vakti furða margra þegar formaður BSRB sagði að úrslitin styrktu stöðu stjórnar BSRB. Hann rökstuddi það með því að ef stjórn og samninganefnd BSRB hefði ekki gert samninginn þá hefðu opinberir starfsmenn ekki fengið hann felldann

Mergur málsins er sá að þetta var sigur opinberra starfsmanna í heild og raunar alls launafólks. Höfnun opinberra starfsmanna á samkomulaginu þýðir skipsbrot ríkisstjórnarinnar, þeirrar stefnu að lækka sífellt launin til að bjarga gróða auðherranna. Þetta er viðvörun til þeirra forystumanna sem hvetja til stéttasamvinnu og gera stefnuna að sínu einkamáli.

Viðbrögð forystu BSRB.

Niðurstöðurnar eru ótvírætt þær að opinberir starfsmenn vildu fá bæði 3% og aukinn samningsrétt. Opinberir starfsmenn voru alls ekki að greiða

Framald á síðu 2.

LEIÐARI

Gjaldþrota ríkisstjórn

Stefna ríkisstjórnarinnar beið skipbrot með niðurstöðu allsherjaratkvæðagreiðslu opinberra starfsmanna, var haft eftir einum ráðherranna.
Auk þess hafa nokkrir starfshópar fengið kauphækkanir. Það gengur líka þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar.

Eins og menn muna var það eitt aðalslagorð ríkisstjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar að kjósa ekki kaupránsflokkana og að heimta samningana í gildi. Samkvæmt því hefði mátt búast við því að stefna stjórnarinnar byggðist á því að vernda kaupmáttinn og setja samningana í gildi
Því er hins vegar ekki að heilsa.

Stefna ríkisstjórnarinnar er í engu frábrugðin stefnu fyrrverandi ríkisstjórnar.
Markmið beggja ríkisstjórnanna er að velta byrðunum af vaxandi kreppu yfir á herðar launþega til að atvinnurekendum sé unnt að hafa hámarksgróða út úr rekstri sínum. Launin eru líka lækkuð undir því yfirskini að verið sé að berjast gegn verðbólgu. Á sama tíma lýsa talsmenn að minnsta kosti tveggja ríkisstjórnarflokkanna yfir þeirri skoðun sinni að launin séu alls ekki verðbólguvaldur.

Við þessa iðju sína njóta ríkisstjórnarflokkarnir dyggilegs stuðnings forystumanna stærstu stéttarfélaganna.

Forystumenn sem fyrir rúmu ári hvöttu til aðgerða gegn kjaraskerðingu þáverandi ríkisstjórnar heimta núna að verkföll séu stöðvuð og kaup fryst. Þessa dagana er verið að makka um það í ríkisstjórninni á hvern hátt eigi að stöðva verkföll og frysta kaupið. Vissulega á að hafa samráð við launþega eins og þar stendur. En hvernig er það samráð? Það er ekki samráð við launþega, það er samráð við fáeina forystumenn stærstu stéttarfélaganna og einkum þá sem eru eindregnastir stuðningsmenn ríkisstjórnarflokkanna.
Opinberir starfsmenn fordæmdu þessi vinnubrögð í allsherjaratkvæðagreiðslunni um samkomulagið við ríkisstjórnina. Launþegar heimta það af forystumönnum sínum að þeir standi vörð um hagsmuni launþega.

Launþegar heimta það líka af ríkisstjórninni að hún fari að standa við öll stóru orðin og yfirlýsingarnar sem flokkarnir gáfu fyrir síðustu kosningar.
Það er allt annað heldur en launin sem veldur verðbólgunni.
Það má nefna heildsalana sem hafa haft af almenningi á Íslandi milljarði undanfarin ár með því að láta erlenda seljendur setja upp hærra verð og með því að kaupa vörurnar hærra verði en þyrfti.

Það mætti líka nefna hina dýru dreifingu á olíu. Auðvitað er það einfaldlega sóun að hafa þrefalt kerfi. Það gerir olíuverðið hærra.

Sama er uppi á teningnum varðandi tryggingarfélögin. Allur þessi fjöldi tryggingarfélaga býður upp á nákvæmlega sömu þjónustuna og sama verðið.
Það mætti hreinsa til meðal atvinnurekenda sem hafa hæstu launin en ákveða sjálfir hvað þeir gefa upp til skatts.

Það er af nógu að taka fyrir stjórn sem kallar sig til vinstri og kennir sig við hinar vinnandi stéttir.
Ef þessi ríkisstjórn heldur áfram á sömu braut og hingað til þá bíða hennar sömu örlög og fyrrverandi stjórnar.
Við dæmum ríkisstjórnir á verkum þeirra. Þessi er fallin af verkum sínum.



Stjórnin riðar til falls

Framhald af Forsíðu.

og fær hann þá frá kr. 239.464 - 248.065."
Þessi rökfræði er athyglisverð. 4 ára háskólanám verður í meðferð Gunnars að 8 árum vegna þess að menntaskóli er 4 ár til viðbótar. Samkvæmt þessu ættu stýrimenn, sem tekið hafa próf úr menntaskóla áður en þeir fóru í stýrimannaskólann að hafa 7 ára menntun. Og ef við skoðum launakjör hjúkrunarfræðings sem numið hefur við Hjúkrunarskóla Íslands sem er 3ja ára nám eins og í stýrimannaskólanum, hefur hann í byrjunarlaun 200 krónum meira en hjúkrunarfræðingurinn sem nam við Háskóla Íslands. Hér er því ekki verið að velja sambærileg dæmi, heldur reynt að falsa þá staðreynd, að dagvinnukaup yfirmanna og auðvitað undirmanna á skipum er lágt, ef tekið er tillit til þess, að þeir eru langtímum að heiman og þurfa að standa 12 tíma vaktir (2x6 tíma) á sólarhring. Það er ætlun Vinnuveitendasambandsins, að gera farmenn tortryggilega í augum almennings svo að þeir njóti ekki stuðnings frá öðrum launþegum. Og síðan ætla þeir að nota farmannadeiluna til að brjóta launakröfur annara launþega á bak aftur. Þess vegna verður að styðja baráttu farmanna gegn atvinnurekendum. Falsanir og fyrirsláttur mega ekki blinda fólk, það verður að draga fram staðreyndir málsins og dæma það af þeim.

Hótanir Steingríms.

Í viðtali við sjónvarpið lýsti Steingrímur Hermannson þeirri skoðun sinni, að grípa þyrfti til harðari aðgerða, ef launþegar fengjust ekki til að fallast á launapólitík ríkisstjórnarinnar með góðu. Með þessu á Steingrímur við þær tillögur sem Framsókn hefur nú sett fram, að verkföll verði hreinlega bönnuð fram að næstu áramótum og launahækkanir stöðvaðar. Tilvonandi forsætisráðherra vinstri stjórnarinnar virðist ætla að leiða afnám á sjálfsögðum mannréttindum yfir þjóðina. Enda er þess skemmst að minnast er ríkisstjórnin ætlaði að selja opinberum starfsmönnum samningsrétt gegn niðurskurði kjaranna. Virðist svo sem ríkisstjórnin sé staðráðin í því að brjóta launakröfur launþega á bak aftur með illu ef samþykki forystumanna stéttarfélaganna nægir ekki.
Nýjasta tilraun stjórnarinnar til þess að halda aftur af launahækkunarkröfum er fólgin í því, að launþegar afsegi sér allar hækkanir samkvæmt samningum og fái 3% í staðinn. Ekki fer sölumennskunni aftur. Þau 3% sem opinberir starfsmenn áttu að greiða fyrir verkfallsréttinn, á nú að nota til þess að kaupa hlýðni og leiðitama af verkalýð og vinnandi alþýðu það sem eftir er ársins. En ríkisstjórnin á eftir að komast að því, að hún getur hvorki verslað með samningsréttinn né heldur gert kjarasamninga að kaupmangi. Verkalýðshreyfingin hlýtur að hafna slíkum tilboðum og krefjast þess að samningarnir verði settir í gildi og því sem rænt hefur verið úr vasa almennings með lævísi og fláttskap verði skilað aftur. Nú reynir ekki aðeins á styrk stjórnarsamstarfsins, heldur einnig á flokkstryggð og taglhnýtingshátt forystumanna stéttarfélaganna.

Framhald af forsíðu.

Andóf næsta skrefið í baráttunni

atkvæði á móti auknum samningsrétti eins og formaður BSRB gaf í skyn.
Í samræmi við þetta bar stjórn BSRB að krefjast af ríkisstjórninni aukins samningsréttar auk umsamdrar kauphækkunar.
En í stað þess þá gefur formaður BSRB gaf út hæpnar yfirlýsingar en að öðru leyti lætur forystan ekkert í sér heyra.
Það er greinilegt að þessir herrar hafa ekkert lært og hafa ekki hugsað sér að taka mark á áliti meirihluta opinberra starfsmanna, það er ekki heiðarleg forysta sem reynir að rangtúlka niðurstöður til að túlka þær sér í hag.

Mogga og Þjóðviljaíhaldið.

Mogginn vill auðvitað aðeins túlka niðurstöðurnar sem mótmæli við stefnu ríkisstjórnarinnar og þar af leiðandi sem stuðning við íhaldið.
Þjóðviljaíhaldið á hinn bóginn ver ríkisstjórnina og reynir að kenna íhaldinu um. Það telur að þarna hafi safnast saman andstæðingar stjórnarinnar til að berjast gegn henni. Sé það rétt þá hefur saxast verulega á fylgi stjórnarflokkanna og íhaldið komið með hreinan meirihluta, þannig sér hvert barn hversu vitlausar þessar túlkanir eru.

Heiðarleiki og hagsmunir.

Það er sameiginlegt einkenni þeirra sem fjallað hefur verið hér um að þeir vilja túlka úrslitin sér í hag.

Þetta eru hópar, eins og forysta BSRB og borgaralegu stjórnmálaflokkarnir sem hafa sérstaka hagsmuni og reyna að sveigja allt undir þá.
Þess vegna segjum við það að þessir hópar eru ekki heiðarlegir og geta ekki verið heiðarlegir því þeir hafa aðra hagsmuni en launafólk.

Andóf 79.

Andófshreyfingin var hinsvegar hreyfing hins almenna félaga og sprottin beint úr jarðvegi fólksins. Enda tengdist Andófið fólkinu á vinnustöðunum betur en forysta BSRB hefur nokkru sinni tekist.
Ástæðan var einfaldlega sú að Andóf er sprottinn úr starfi fólksins og sótti allan sinn styrk þangað.

Andóf 79 á nú tveggja kosta völ, að fylgja niðurstöðunum eftir og nýta hreyfinguna meðal opinberra starfsmanna til að heimta fullan og óskoraðan samningsrétt eða leggja niður allt starf.

Réttast er að Andóf 79 noti afl sitt og stuðning fólksins til að knýja á um fullan og óskoraðan samningsrétt og krefjist þess af stjórn BSRB að hún fái ríkisstjórnina til að fallast á það.
Að öðrum kosti hefur Andóf 79 engan starfsvettvang lengur og gæta verður þess að það fái ekki sérhagsmuni.



ÚR BARÁTTUNNI

SÁTTIR AÐ KALLA.

Að landsfundi íhaldsins loknum var gefið í skyn að þar rikti nú eining ofar öllu. Sannleikurinn er þó sá að landsfundurinnn frestaði aðeins uppgjörinu. Óeiningin er enn þá til staðar og ýmsir hagsmunahópar halda áfram að berjast um völd og áhrif.
Það kom berlega í ljós á aðalfundi Heimdallar nýlega. Þar tapaði í fyrsta skipti, að sögn eins fundarmanna, frambjóðandi flokkseigendafélagsins sem er að læra lögfræði í ofanálag. Í hans stað var kosinn fulltrúi hins frjálsa framtaks, framkvæmdastjóri hjólbarðasölunnar Bandag.
Það er þess vegna alveg ljóst að hinar háværu kröfur um nýja forystu, og nýja stefnu hafa orðið undir í bili að minnsta kosti. Hitt er jafnvíst að þessi öfl, hægri armur flokksins, er ekki búinn að leggja upp laupana fyrir fullt og allt.
Klíkurnar í Sjálfstæðisflokknum eru aðeins sáttar að kalla.

ALÞÝÐUVINIRNIR

OG BÍLAKAUPIN.

Eitt þeirra mála sem ráðherrarnir ætluðu að slá sig til riddara með var að afnema fríðindi þeirra til bílakaupa.
Yfirlýsingar þeirra voru stóryrtar og þeir samþykktu að ráðherrar skyldu kaupa sér bíla á sömu kjörum og annað fólk.
Ráðherrarnir fá lán hjá ríkissjóði til 10 ára með 19% vöxtum. Ef þeir vilja ekki eiga bílana sjálfir þá kaupir ríkið bílana fyrir þá en þeir fá frjáls afnot af þeim. Skyldi það vera skattlagt sem fríðindi?
Þetta kalla þeir að kaupa bíla á sama hátt og almenningur.

AÐ NÁ BURT

KAUPHÆKKUNINNI.

Ragnar Arnalds komst skrítilega að orði í sjónvarpi nýlega. Hann ræddi um kauphækkanirnar til "einstakra hópa". Að vísu var verið að spyrja hann um allt annað en þessir herrar eru ekki vanir því að svara því sem þeir eru spurðir um.
Hann sagði að ríkisstjórnin "þyrfti að ná til baka kauphækkuninni til þessara einstöku hópa"! Samgönguráðherrann, sem líka er sósíalisti að eigin sögn, átti þarna við kauphækkun flugmanna. Markmið hans er sem sagt að ná aftur kauphækkunum.
Til hvers? Kannski til þess að koma á launajöfnuði? Varla enda þyrfti hann þá að athuga launaseðil sjálfs sín, hann er með flugmannslaun. Nei ástæðan er allt önnur. Þessar kauphækkanir hafa eðlilega valdið óánægju meðal almennra launþega enda hafa laun þeirra verið skert um að minnsta kosti 15 % það sem af er árinu. Ragnar heldur nefnilega að þessi óánægja minnki ef honum tekst að svipta flugmenn að aðra þessum kauphækkunum.
Flugmenn, farmenn, mjólkurfræðingar og opinberir starfsmenn hafa einmitt sýnt fordæmi. Ráðherrarnir óttast að aðrir fari að dæmi hinna.

Mengunarvandamál

Framahld af baksíðu.

unar vatns, lofts og jarðvegs stafar heilsu Evrópubúa enn meiri hætta af hljóðmengun, titringi o.s.frv.

Sérfræðingar frá Sameinuðu Þjóðunum sem rannsökuðu vatnsuppsprettur í Vestur-Evrópu komust að því að þær fara þverrandi jafnframt því sem þarfir iðnaðar, bæjarfélaga og kjarnorkuvera fara sívaxandi. Iðnþróun Evrópu hefur seinkað vegna vatnsskorts og ójafnrar dreifingar vatns milli landa.

Aðrar auðlindir Evrópu fara einnig síminnkandi vegna ótakmarkaðrar og óskipulagðrar neyslu. Hættan á útrýmingu blasir ekki aðeins við einstökum dýrategundum, heldur tylft. um þeirra. Samkvæmt upplýsingum Náttúruverndarnefndar Evrópu er 36 tegundum spendýra og 59 fuglategundum nú hætt við útrýmingu.

Almenningur í Vestur-Evrópu hefur tekið eftir ýmsum slysum sem hafa átt sér stað (nú síðast Harrisburg-slysið) og leiddu til eitrunar umhverfisins. Sérstaklega má nefna olíu mengun á hafi úti og nú þegar er farið að kalla Miðjarðarhafið forarpytt. Fundur olíu á Norðursjávarsvæðinu hefur þegar leitt til mikillar mengunar vegna olíuþorsta fjölþjóðafyrirtækja sem hundsa allar öryggis reglur. Gott dæmi um þetta er stórslysið sem varð á borpallinum "Bravo" á Ekofisk svæðinu í Norðursjó vorið 1977. Fjölþjóðafyrirtækið Philips Petroleum hafði að engu bann norsku stjórnarinnar við því að nota eiturefni við eyðingu olíubrákarinnar sem náði yfir fleiri þúsund ferkílómetra. Þetta olli óbætanlegu tjóni á norskum fiskistofnum. Í mars í fyrra strandaði ameríska risaolíuskipið Amoco Cadiz við strendur Frakklands. Yfir 200.000 tonn flæddu út í sjóinn og sköðuðu dýra- og plöntulíf. Vistfræðileg vandamál hafa valdið alþjóðlegri togstreitu, t.d. þorskastríðið milli okkar íslendinga og breta. Annað dæmi er humarstríðið milli Brasilíu og Frakklands. Grikkland og Tyrkland hafa deilt um olíuborunarréttindi á Eyjahafi og einnig hafa risið upp deilur milli Mið-Evrópuríkja um skiptingu kostnaðar við hreinsun Rínar.

En auðvitað eru möguleikar á lausn mengunarvandamálsins í Evrópu mjög takmarkaðir meðan hinn kapítalíski framleiðsluháttur er ríkjandi. Þó að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar á síðustu 10-15 árum til umhverfisverndar er varla hægt að kalla þær fullnægjandi. Aðalástæðurnar fyrir þessu eru þær að litlu fé er varið til umhverfisverndar og einnig er áhugi einkafyrirtækja á umhverfisvernd lítill. Lausn mengunarvandamálsins í Evrópu hefur tafist mjög vegna eigingirni einokunarfyrirtækja og náins sambands vistkreppunnar við orku-, hráefna- og borgakreppuna. Eigendur einokunarfyrirtækja sem bera mesta ábyrgð á mengun umhverfisins fallast einungis á fjárútlát til náttúruverndar ef þau skerða ekki gróða þeirra eða samkeppnisaðstöðu á heimsmarkaðinum. Að vísu hefur barátta almennings fyrir umhverfisvernd leitt til þess að stofnanir hafa verið settar á fót til að skipuleggja, áætla, fjármagna og samræma verndunarráðstafanir. Í Bretlandi og Frakklandi hafa verið stofnuð umhverfisráðuneyti. Þessi tvö lönd verja 12,5% og 5% af fjárhagsáætlun sinni til umhverfisverndar en flest auðugu vestrænu ríkin verja 1-2% til hennar. Fulltrúar einkafyrirtækja hafa einnig gert ýmsar ráðstafanir. Sett hefur verið á stofn iðnúrgangsversiun vesturevrópskra fyrirtækja og í V-Þýzkalandi hefur verið gerð áætlun um smíðun hreinsibúnaðar í fyrirtækjum.

Barátta einokunarfyrirtækja hefur mjög tafið framkvæmd umhverfisverndunaráætlana. Eigendur fyrirtækja andmæla kröfum yfirvalda um endurskipulagningu framleiðslunnar með það að markmiði að minnka úrgang og vilja heldur koma upp ódýrum en áhrifaminni hreinsitækjum. Þar að auki skortir mörg auðvaldsríki fjármagn til að leysa vistfræðileg vandamál. Þannig voru Noregur og Danmörk nánast varnarlaus þegar olíubrákin frá Ekofisk svæðinu fór að nálgast strendur þeirra en Svíþjóð hafði 40 sérstaklega útbúin skip tilbúin. Skógareldarnir í Grikklandi sumarið 1977 hefðu aldrei orðið svo miklir ef yfirvöldin hefðu haft næg slökkvitæki. Mjög erfið vistfræðileg aðstaða er að skapast í mörgum stórborgum Evrópu vegna mengunar. Í tyrknesku höfuðborginni var loftmengun 37 sinnum meiri en leyfilegt var árið 1977 vegna notkunar ódýrra kola og olíu við húshitun. En borgarstjórn Ankara getur ekkert gert vegna þess að hana skortir þær 200 milljónir bandaríkjadala sem þarf til að endurnýja hitunarkerfið. Og ekki förum við íslendingar varhluta af mengunarvandamálinu. Á Kleppsvæðinu í Reykjavík er loftmengun vegna úrgangsefna frá áburðarverksmiðjunni orðin talsvert meiri en leyft er í stórborgum Bandaríkjanna, en þessi efni eru mjög krabbameinsvaldandi.

Álverið í Straumsvík er dæmi um mengunarvald þar sem eigendurnir tregðast við að koma upp fullkomnum hreinsibúnaði.


Umhverfismálaráðstefna Sameinuðu Þjóðanna sem haldin var í Stokkhólmi 1972 setti fram reglur og leiðbeiningar um alþjóðlega samvinnu á þessu sviði Á þessum grundvelli samþykkti Efnahagsbandalag Evrópu áætlun um náttúruvernd árið 1973.

Í þessari áætlun fólust ákvæði um ráðstafanir til að hindra loft- og vatnsmengun, ákvæði um rannsókn á áhrifum orkuvirkjana á umhverfið, ákvæði um notkun og eyðingu iðnúrgangs og ákvæði um varnir gegn hávaðamengun. Skynsamleg notkun kjarnorku, öryggi kjarnorkuvera og meðferð geislavirkra efna eru allt atriði sem skipa stóran sess í áætlun EBE. Sérstök nefnd til að stjórna eyðingu og notkun úrgangs í bandalagslöndunum var stofnuð árið 1976. Áætlun EBE gerir einnig ráð fyrir fjárhagsaðstoð til iðjuhölda til uppsetningar hreinsitækja og nýrrar tækni. Önnur áætlun EBE fyrir árin 1977-1981 sem samþykkt var 1976 er í flestu svipuð hinni fyrri en leggur meiri áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir. EBE-löndin hafa skrifað undir marga samninga um mengunarvarnir en lítið hefur orðið úr framkvæmdum vegna áhrifa einokunarfyrirtækja.

Borgaralegir vistfræðingar og hagfræðingar eru mjög svartsýnir á framtíðina. En svartsýnir spádómar þeirra byggjast aðeins á lögmálum þróunar í borgaralegu þjóðfélagi. Borgaralegar rannsóknir horfa alveg fram hjá lausn mengunarvandamálsins í sósíalískum ríkjum. Þeir gera sér ekki grein fyrir því að vistkreppan í þróuðum kapítalískum ríkjum er hluti af almennri kreppu kapítalismans. Borgaralegir vistfræðingar gera sér margir hverjir grein fyrir afleiðingum hóflausrar ofneyslu náttúruauðlinda og þeirri hættu sem mannkyninu stafar af því án þess að skilja stéttarlegt eðli þessa. Oft kenna þeir aukinni tækni og vísindum um mengunina og má þá einu gilda hvort um er að ræða kapítalísk eða sósíalísk ríki. Af þessu sést að borgaralegum vistfræðingum er ómögulegt að útskýra og leysa vistkreppuna.

Marxískir-lenínískir vistfræðingar líta allt öðrum augum á mengunarvandamálið. Þeir telja að það sé algerlega leysanlegt á grundvelli sósíalismans. Í sósíalískum ríkjum er framleiðslukerfið skipulagt í þágu verkalýðsins og allra annarra vinnandi manna. Í sósíalismanum er unnið markvisst að því að útrýma stéttarandstæðum. Sameiginlegir hagsmunir þjóðfélagsins auðvelda því lausn mengunarvandamálsins. Uppbygging iðnaðar og borga fer fram í nánu samræmi við rannsóknir á áhrifum þessa á náttúruna. Leitast er við að vernda náttúruauðlindir og bæta umhverfisskilyrði verkalýðsins. Í sósíalískum ríkjum er umhverfisvernd mikilvægur þáttur í uppbyggingu sósíalismans.





Sú mengun sem sjaldan er minnst á er mengun af völdum hávaða sem valdið hefur miklumskaða.

Sum efni eins og t.d. DDT magnast upp fæðukeðjuna. Þessi efni eyðast ekki í líkama líffrumanna og halaðast því upp. Mælingar á Long Island í Bandaríkjunum leiddi í ljós að:

Styrkur DDT í vatni - 1.
Styrkur DDT í svifi -800

Styrkur DDT í litlum fiskum-11.600.

Styrkur DDT í ránfiskum- 34.600.
Styrkur DDT í ránfuglum -92.000.

Þessi möguleiki stafar að því að sum rándýr éta mörg fórnardýr sem hafa lifað á öðrum fórnarlömbum.



Barist í El Salvador.

Undanfarna daga hafa skæruliðar í Mið-Ameríkuríkinu El Salvador aukið baráttu sína að miklum mun. Þeir hertóku tvö sendiráð í höfuðborg landsins, San Salvador, og tóku auk þess dómkirkju landsins herskildi. Forseti ríkisins hefur lýst yfir neyðarástandi og þrátt fyrir að hermenn stjórnarinnar hafi gert örvæntingarfullar tilraunir til að svæla skæruliðana burt úr vígjum sínum, hafa þeir staðist stjórnarhermönnum snúning.

Skæruliðarnir vilja að ríkisstjórn Carlos Romeros láti 5 leiðtoga úr haldi, en þegar hefur tveimur verið sleppt. Útlit er fyrir áframhaldandi bardaga, þar sem stjórnin kannast ekki við að hafa handtekið hina þrjá. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum eru 127 manns horfnir og hefur andstaðan gegn ofbeldisstjórn Romeros farið sívaxandi á undanförnum mánuðum.

SALT-samkomulagið gagnrýnt í USA.

Jimmy Carter forseti Bandaríkjanna hefur hrundið af stað mikilli áróðursherferð, til að reyna að sannfæra þingið um réttmæti hins svonefnda SALT-samkomulags, sem gert var á dögunum. SALT-samkomulagið er gert af risaveldunum tveim um takmörkun á smíði gereyðingavopna, eldflauga með kjarnodda og nifteindasprengja. Samkomulagið hefur verið gagnrýnt mjög harðlega í Bandaríkjunum og halda gagnrýnendur því fram, að það feli í sér eftirgjöf gagnvart Sovétríkjunum. Hörðustu andmælendur SALT-samkomulagsins benda á það, að Sovétríkin hafi á undanförnum árum aukið svo vopnabúnað sinn, að þeir hafi þegar skotið Bandaríkjunum ref fyrir rass, hvað varðar annan vopnabúnað en kjarnoddaflaugar og nifteindasprengju. Ef takmarkanir á því sviði koma til framkvæmda, óttast gagnrýnendurnir að sovétmenn öðlist algera yfirburði í lofti, legi og láði. Þær raddir hafa líka heyrst, að Sovétríkin muni alls ekki virða SALT-samkomulagið heldur halda viðbúnaði sínum og hernaðaruppbyggingu ótrauðir áfram, þrátt fyrir undirritun samningsins.



Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR.5000.-
BARÁTTU ÁSKRIFT : KR.7000.-
TIL ÚTLANDA : KR.13000.-
TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
19. tlb. 8 árgangur 15/5. 1979.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Þankar um dagvistunarmálasamstarf

Tilefni þessarar greinar er dagvistarmálasamstarf það, sem 8. mars -hreyfingin hafði frumkvæði að í vetur og umræður sem hafa af því hlotist.

Í staglinu, fréttabréfi Rauðsokkahreyfingarinnar sem út kom í mars á þessu ári er grein eftir þrjá rauðsokka sem vekur upp margar spurningar um þetta mál. Í upphafi greinarinnar er þess getið að Rauðsokkahreyfingin hafi ekki beitt sér sem skyldi í samstarfinu og jafnframt fullyrt að til þess liggi gildar orsakir. Af framhaldinu má helst skilja að orsakirnar séu þær að 8. mars - hreyfingin hafi "flæmt" Rauðsokkahreyfinguna út úr samstarfinu, sbr. eftirfarandi tilvitnanir "..1) 8. mars - hreyfingin boðaði til þessa samstarfs en það þýðir ekki að hún EIGI það og geti setið ofan á öllu saman - deilt og drottnað en það hefur verið ásetningur þeirra frá upphafi".

Hingað til hefur Rauðsokkahreyfingin haft það mikið frumkvæði og styrk að það hlýtur að teljast sjálfskaparvíti ef hún er orðin hornreka á vettvangi kvennabaráttunnar. Það er ekki um að sakast starfsháttum 8. mars-hreyfingarinnar eins og gefið er í skyn í 3, lið greinarinnar (sjá tilvitnanir).

"...Við rauðsokkarnir sem þarna komum nálægt höfum ekki vanist tilfinningarsnauðri skriffinnsku á borð við þá sem 8 mars-hreyfingin hafði eina fram að færa í þessari samvinnu. Okkar sjónarmiðum var aldrei ansað-né heldur hinna sem voru að reyna að taka þátt í þessu "samstarfi". Við höfum tekið þátt í þessari vinnu af samviskusemi gagnvart eigin samþykktum en þetta hefur í alla staði verið erfitt, ófrjótt og dautt starf-þökk sé 8. mars-hreyfingunni og "vafasömum hagsmunum hennar".

Að halda því fram að 8 mars-hreyfingin hafi einungis haft fram að færa "tilfinningarsnauða skriffinnsku" er fáránlegt.

Í greininni (sem er skrifuð í mars en þá tók Rauðsokkahreyfingin lítinn sem engann þátt í samstarfinu) er fullyrt að undirskriftasöfnunin hafi verið "einkaeign" 8 mars-hreyfingarinnar. Þessi fullyrðing er út í hött, í undirskriftasöfnun skiptir ekki máli hverjir safna nöfnunum heldur að sem bestur árangur náist. Ef átt er við að 8 mars- hreyfingin hafi staðið ein í undirskriftasöfnuninni þá ber það bara vott um að þau hafi verið dugleg.

(Lesendum til frekari upplýsingar skal þess getið að félagar í Rauðsokkahreyfingunni hafa nú undanfarið tekið verulegan þátt í söfnuninni).

Innan Rauðsokkahreyfingarinnar hefur undanfarið verið uppi umræða um hlutverk dagvistunarstofnana, gæði og tilgang. Í Stagl-greininni er því haldið fram að 8 mars-hreyfingin hafi ekki viljað ræða þessi mál, þ.e. að hún hafi aðeins viljað ræða fjölda dagvistarstofnana en ekki gæði. Umræða um þessi mál er gífurlega nauðsynleg

Og við viljum eindregið hvetja alla til hennar þ.á.m. 8 mars-hreyfinguna.

Á mörgu því sem félagar 8 mars-hreyfingarinnar og Rauðsokkahreyfingarinnar hafa látið frá sér fara hvor um aðra, er helst að sjá að þær telji sundrunguna mikilvægari en samvinnuna og taki sérhagsmuni samtaka sinna fram yfir hagsmuni fjöldans. Skoðanabarátta mun ávallt eiga sér stað innan kvennahreyfingarinnar og hún er nauðsynlegur þáttur í framvindu kvennabaráttunnar. Ef marmiðið er hið sama þ.e. sósíalískt þjóðfélag jafnréttis og frelsis, þá þarf skoðanabaráttan ekki að þýða sundrungu.

Framhald á síðu 3.



Mynd: Dea Trier Mörch.

Liðsfundur Sameinigar

Laugardaginn 12. maí sl. hélt Sameining 79 liðsfund til að met meta 1. maí starfið í ár.

Á fundinum gáfu fulltrúar starfshópa skýrslur og sömuleiðis einn félagi úr stjórn Sameiningar.

Var það mál manna að aðgerðirnar hefðu í heild tekist sæmilega, en ýmsir gallar hefðu komið fram sem þyrfti að laga næst. Þótti flestum undirbúningur sameiginlegra aðgerða Baráttueiningar og Samfylkingar hafa farið of seint af stað. Miðað við þetta hefði síðan verið eytt of miklum tíma af hálfu stjórnarinnar í gerð grundvallar og mótun höfuðkjörorða. Liðsfundir hefðu gjarnan mátt vera fleiri og betur undirbúnir, þá sérstaklega pólitísk umræða og ákvarðanatekt. Áróðursstarfið var ekki nógu gott og alltof lítil áhersla lögð á þann möguleika að bjóða til þátttöku hópum og einstaklingum sem hafa staðið í baráttu fyrir sértækum baráttumálum. Þar má m.a. nefna þá sem stóðu í Andófi í BSRB, félaga úr leigjendasamtökunum ofl. Sú gagnrýni kom fram á fundinum að Baráttueining og Samfylking hefðu að því er virtist meiri áhuga á sjálfum sér en hagsmunum verkalýðsstéttarinnar. Þetta er ef til vill full djúpt í árina tekið, en hinsvegar var 1. maí kannski ekki í fullusamræmi við starf félaga þessara hreyfinga árið um kring, þe að þeim tókst ekki að virkja samstarfsfólk sitt á ýmsum vígstöðum nema að litlu leyti til baráttu gegn stéttasamvinnu á 1. maí. Þeir gallar sem voru á framkvæmd aðgerðanna voru því miður sumir gamlar lummur sem óþarft er að hafa alltaf með.

'Askrift

Ég undirrit(aður/uð) óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ______________________

Heimili: ______________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík

Mengunarvandamál

Mengunarvandamálið hefur vaxið mjög á síðustu árum. Jafnhliða þróun framleiðslu, vísinda og tækni hefur mengun umhverfisins - vatns, lofts og jarðvegs - farið sívaxandi. Þetta hefur mjög skaðleg áhrif á heilsu manna og ástand dýralífs og plöntulífs.

Beint samband er milli vistfræðilegs ástands mismunandi svæða jarðarinnar. Allar þjóðir hafa því það sama verkefni að vernda umhverfið. En það er augljóst að vegna tilveru tveggja andstæðra hagkerfa þróast ólíkir möguleikar til að leysa mengunarvandamálið.

Það er nauðsynlegt að allar þjóðir heims hefji samvinnu um að leysa þau vandamál sem við þeim blasa óháð því við hvaða þjóðfélagsgerð þær búa. Meðal mikilvægustu vandamálanna eru mengunarvandamálið og fæðuvandamálið.


Verndun umhverfis í Evrópu er mikilvægur þáttur í almennri umhverfisvernd. Það er því ekki að ástæðulausu að Öryggismálaráðstefna Evrópu fjallaði um vistfræðilega samvinnu milli Evrópulanda. Ráðstefnan taldi að mikilvægast væri að rannsaka sjálft mengunarvandamálið, efla umhverfisvernd og samræma vistfræðistefnu sína. Ráðstefnan lagði ríka áherslu á að umhverfisvandamálið verður aðeins leyst með samvinnu allra þjóða.

Vegna landfræðilegra, sögulegra, þjóðfélagslegra og annarra ástæðna var Evrópa fyrsti heimshlutinn sem reyndi neikvæðar afleiðingar iðnvæðingar. Jafnvægið milli mengunar umhverfis og endurnýjunar þess var skert verulega á miðri 20. öldinni. Þetta gerðist sérstaklega í Vestur-Evrópu sem var þéttbýl og iðnþróuð.

Löndin í þessum heimshluta hafa sameiginleg grunnvatnssvæði, árfarvegi og loftstraum. Þetta þýðir t.d. að skógar og vötn í Noregi eru hætt komin vegna brennisteinsdíoxíðsmengunar frá Vestur-Evrópu (aðallega Bretlandi) þrátt fyrir að þarna sé tiltölulega langt á milli.

Jafnhliða skertu vistfræðilegu jafnvægi vegna efnafræðilegrar og geislavirkrar eitr-

Framhald á síðu 3.



Þegar rætt er um mengun og mengunarvarnir, vill oft gleymast þau miklu óþægindi sem fólk þarf við að búa vegna ónógra hreinsibúnaða af hálfu atvinnurekenda